



Kæru kjörfulltrúar!

Ég heiti Rafn Jónsson og gef kost á mér sem fulltrúi leikmanna á kirkjuþingi fyrir Kjalarnesprófastsdæmi.

Ég er 70 ára, kvæntur Sigríði Rafnsdóttur. Við eigum fimm börn, ellefu barnabörn og eitt barnabarnabarn.

Ég starfaði lengst af sem flugmaður og flugstjóri hjá Ícelandair en einnig sem fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu og fyrir Alþjóða rauða krossinn í Súdan og Pakistan.

Síðustu ár hef ég verið eftirlitsmaður hjá Samgöngustofu, m.a. með flugi erlendra flugfélaga til og frá Íslandi.

Ég útskrifaðist með BA próf í guðfræði frá Háskóla Íslands árið 2010 og hóf MA nám í þróunarfræði 2013.

Ég sat í safnaðarstjórn Óháða safnaðarins í tæpan áratug í lok síðustu aldar en hef verið í sóknarnefnd Lágafellssóknar síðastliðin 10 ár og þar af formaður í sjö ár.

Ég hef verið virkur í fjölþættu félagsstarfi undanfarna áratugi og er meðal annars virkur félagi í Lionshreyfingunni og Oddfellowhreyfingunni.

Þjóðkirkjan stendur á tímamótum. Það er sótt að henni úr ýmsum áttum og hún á í vök að verjast. Framundan eru enn meiri breytingar á sjálfstæði hennar sem trúfélags sem kallar á nýja nálgun á starfi hennar. Þetta er þróun sem er mikil áskorun en getur orðið til heilla ef rétt er á haldið við rekstur kirkna og áframhaldandi uppbyggingu sókna. Ég hef notið þess að starfa með sóknarnefnd Lágafellssóknar sem hefur unnið mikið og árangursríkt starf við uppbyggingu safnaðarstarfsins og mótað formlega stefnu til margra ára. Einnig hef ég tekið þátt í héraðs- og formannafundum prófastsdæmisins eins og kostur hefur verið. Þetta starf mun nýtast mér verði ég kosinn á kirkjuþing. Ég óska því eftir stuðningi ykkar, kæru kjörfulltrúar, til að taka þátt í þessu verkefni sem aðalmaður á komandi kirkjuþingi.

Rafn Jónsson